

Fimmtudaginn 22. janúar 1998.

Nr. 1/1998

**Alþýðusamband Íslands vegna
Sjómannasambands Íslands**

(Jóhann Halldórsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Landssambands íslenskra útvegsmanna**

(Jón H. Magnússon hdl.)

Frávísun.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ.m., var höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensás-vegi 16a, vegna Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, vegna Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli við Tryggvagötu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði að sú ákvörðun framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands, að láta atkvæðagreiðslu fara fram meðal meðlima sinna, um hvort boða skyldi verkbann á félagsmenn stefnanda og sem koma átti til framkvæmda þann 20. janúar 1998, hafi verið ólögmat.

Að dæmt verði að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Að stefndi verði dæmdur til sektargreiðslu samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 14. og 15. gr. sömu laga.

Þess er krafist að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk álags sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega er krafist sýknu af kröfum stefnanda.

Stefndi gerir kröfu um að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Þann 10. desember 1997 barst Sjómannasambandi Íslands bréf Landsambands íslenskra útvegsmanna þar sem boðað var til verk-banns á fiskiskipum með aðalvél stærri en 1501 kw.

Í bréfi þessu kemur fram að samþykkt hafi verið á fundi stjórnar LÍÚ þann 18. nóvember 1997 að fram færi atkvæðagreiðsla hjá eigendum fiskiskipa, með aðalvél 1501 kw og stærri, um það hvort boða ætti til verk-banns á umrædd skip. Þá kemur einnig fram í bréfi þessu að verk-banninu sé ætlað að taka til félagsmanna hjá aðildar-félögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasam-bands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða, Vélstjórafélags Íslands, Vélstjórafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Ísafjarðar, sem starfa á þessum skipum. Loks var tiltekið að niðurstaða atkvæða-greiðslunnar hefði verið sú að samþykkt hefði verið að leggja verk-bann á félagsmenn nefndra félaga og sambanda á fiskiskipum, með aðalvél 1501 kw og stærri, sem hefjist þann 2. janúar 1998, kl. 00:00 ef ekki hefði fundist lausn á deilu aðila fyrir þann tíma.

Þann 11. desember 1997 tilkynnti Sjómannasamband Íslands Landsambandi íslenskra útvegsmanna, að sambandið teldi að ákvörðun um boðað verk-bann hefði ekki verið tekin með lög-mæt-um hætti, þar sem atkvæði eigenda skipa með 1501 kw vél og stærri hefðu verið talin sameiginlega en ekki í hverju útvegsmannafélagi fyrir sig. Var jafnframt skorað á LÍÚ að upplýsa með skriflegum hætti á hvaða lagaheimildum sambandið byggði þá ákvörðun sína að löglegt sé að telja atkvæði um verk-bann sameiginlega frá öllum útvegsmannafélögum sem mynda LÍÚ.

Svarbréf barst Sjómannasambandi Íslands þann 12. desember 1997 frá stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands. Í bréfi þessu kemur fram að ákvörðun um sameiginlega atkvæðagreiðslu hjá LÍÚ hafi verið tekin á fundi framkvæmdastjórnar VSÍ í samræmi við lög sambandsins. Segir ennfremur í bréfi þessu að framkvæmdastjórn VSÍ hafi samþykkt að beiðni LÍÚ, í samræmi við 61. gr. laga VSÍ, að fram færi atkvæðagreiðsla eigenda skipa með aðalvél 1501 kw og stærri um hvort leggja skyldi á framangreint verk-bann. Var vísað til þess að atkvæðisréttur væri byggður á atkvæðaskrá VSÍ í samræmi við 22. gr. laga sambandsins og að atkvæði hefðu verið talin sameig-inlega þann 9. desember 1997.

Til skýringa tiltók VSÍ að fyrirtæki sem ganga í LÍÚ verði sjálf-

krafa meðlimir í VSÍ og greiði árgjöld til sambandsins í samræmi við ákvæði V. kafla laga VSÍ og gildi sú skrá einnig hjá aðildarfélögum þegar atkvæði eru greidd um kjarasamninga og verkbönn nema framkvæmdastjórn VSÍ heimili annað. Atkvæðaskrá væri samin á grundvelli greiddra árgjalda skv. 22. gr. laganna. Loks er tiltekið að samkvæmt þessu hafi ákvarðanataka um umrætt verkþann farið fram samkvæmt lögum VSÍ.

Þann 19. desember 1997 barst Sjómannasambandi Íslands tilkynning frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna þess efnis að ákveðið hefði verið að fresta áður boðuðu verkþanni til 20. janúar 1998, kl. 24:00.

Við munnlegan málflutning var upplýst að verkþanni þessu hefði verið aflýst daginn áður, þ.e. 14. þ.m. En þá stæði yfir atkvæðagreiðsla um boðun allsherjarverkþanns frá 9. febrúar 1998. Sú ákvörðun yrði tekin með sama hætti og við ákvörðun fyrra verkþanns. Eina breytingin nú væri sú að fleiri tækju þátt í þessari atkvæðagreiðslu en þeirri fyrri.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefnda hafi verið óheimilt að taka ákvörðun um boðað verkþann með þeim hætti sem gert var.

Í 14. gr. laga nr. 80/1938 segi að heimilt sé stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn. Þá segi í 15. gr. sl. að þegar félag atvinnurekanda ætlar að hefja vinnustöðvun þá sé hún því aðeins heimil að ákvörðun um hana hafi verið tekin við almenna og leynilega atkvæðagreiðslu með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá. Í þessu sambandi verði að líta á hvern einstakan atvinnurekenda sem félagsmann.

Samkvæmt þessu sé ljóst að það sé aðeins á valdi félaga atvinnurekenda að taka ákvörðun um lögmætt verkþann samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938. Þá megi og að mati stefnanda gagnálykta frá ákvæðum 23., 27., 28. og 45. gr. sl. á þann veg að þar séu heimildir sambanda atvinnurekenda tæmandi taldar, enda sé ekki fjallað um sambönd félaga atvinnurekenda í tengslum við 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938.

Ákvörðun um verkþann það sem Landsamband íslenskra útvegsmanna boðaði til hafi ekki verið tekin af útvegsmannafélögum þeim er aðild eiga að LÍÚ samkvæmt 3. gr. samþykktu sambandsins. Í 1.

mgr. nefndrar 3. gr. sé sérstaklega tiltekið að LÍÚ sé myndað af tilgreindum svæðisbundnum útvegsmannafélögum. Segi í 5. mgr. 3. gr. að einstakir útgerðarmenn geti ekki verið aðilar að LÍÚ nema sem félagar í útvegsmannafélögum. Samkvæmt ofangreindu hafi LÍÚ ekki getað tekið sjálfstæða ákvörðun um greint verkþann.

Að mati stefnanda var LÍÚ jafnframt óheimilt að framselja rétt aðildarfélaganna til ákvörðunartöku, um að láta fara fram atkvæðagreiðslu um greint verkþann, til framkvæmdastjórnar VSÍ eins og gert var. Þá hafi og verið jafnóheimilt að beita lögum VSÍ við ákvarðanatöku um greint verkþann, sem koma átti til framkvæmdar hjá aðildarfélögum LÍÚ. Þá telur stefnandi að framkvæmdastjórn VSÍ hafi verið óheimilt að lögum að taka efnislega ákvörðun um verkþann.

Að mati stefnanda bar aðildarfélögum LÍÚ að taka sjálfstæða ákvörðun um verkþann á grundvelli atkvæðagreiðslu hjá félagsmönnum í viðkomandi útvegsmannafélögum.

Af hálfu stefnda er á því byggt að fyrirtæki þau, sem standa að verkþanninu, séu meðlimir í Vinnuveitendasambandinu samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. laga sambandsins. Þannig starfi Vinnuveitendasambandið í raun bæði sem samband atvinnurekendafélaga og jafnframt sem sjálfstætt atvinnurekendafélag. Er og vísað til þess, að á grundvelli þessarar aðildar og samkvæmt heimild í 3. mgr. 61. gr. laga sambandsins, þá sé þessum sömu aðilum heimilt að leggja á verkþann með samþykki framkvæmdastjórnar VSÍ. Segi orðrétt í bréfi sambandsins frá 15. desember 1997, „að samkvæmt 3. gr. laga VSÍ verða fyrirtæki sem ganga í LÍÚ sjálfkrafa meðlimir í VSÍ og greiða árgjald til VSÍ í samræmi við V. kafla laga VSÍ“.

Að mati stefnanda er óheimilt að líta á stefnda, Vinnuveitendasambandið, sem félag atvinnurekenda í skilningi 15. gr. laga nr. 80/1938. Væri slíkt skipulag í beinni andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 og augljóst að eini tilgangur þessa væri sá að sniðganga ákvæði 14. og 15. gr. umræddra laga, sbr. einnig 5. gr. sl, en í lögum VSÍ, sbr. 52. gr., sé ekki að finna formlega heimild til þess að semja beint við stéttarfélög. Geti stefndi, Vinnuveitendasambandið, því ekki talist stéttarfélag í þessum skilningi.

Að mati stefnanda er einsýnt, að jafnvel þótt heimilt yrði talið að líta á VSÍ sem atvinnurekendafélag, sem bært væri til þess að taka ákvörðun um verkþann, þá hefði sambandið sjálft átt að boða til

umrædds verkbanns í skilningi 16. gr. laga nr. 80/1938. Eins og fram komi í bréfi Landsambands íslenskra útvegsmanna, dags. 10. des. 1997, hafi LÍÚ boðað til verkbanns. Hljóti sú boðun að teljast ólög-mæt.

Þá sé og til þess að líta að ákvörðun um umrætt verkbannt hafi í raun ekki verið tekin af framkvæmdastjórn VSÍ. Framangreint bréf LÍÚ beri með sér að það sé Landsamband íslenskra útvegsmanna sem boðar til verkbanns fyrir hönd eigenda fiskiskipa á grundvelli niðurstöðu atkvæðagreiðslu, sem stjórn LÍÚ ákvað að framkvæma. Þannig sé augljóst að það hafi verið stjórn LÍÚ sem tók ákvörðun um að láta félagsmenn í aðildarfélögum sínum greiða atkvæði, án tillits til félagsaðildar þessara eigenda fiskiskipa að útvegsmanna-félögum, sem aðild eiga að LÍÚ. Viðkomandi eigendur fiskiskipa séu félagar í aðildarfélögum LÍÚ. Samkvæmt lögum nr. 80/1938 hafi hverju útvegsmannafélagi fyrir sig borið að láta framkvæma atkvæðagreiðslu um það hvort boða ætti til verkbanns. Slík atkvæðagreiðsla hafi aldrei farið fram og því hafi viðkomandi útvegsmanna-félög enga ákvörðun tekið um verkbannt.

Með hliðsjón af öllu ofansögðu er það mat stefnanda að verk-bann það sem stefndi boðaði að koma skyldi til framkvæmda þann 20. janúar 1998, kl. 24:00, sé ólög-mætt. Þá telur stefnandi ljóst að með greindu framferði hafi stefndi brotið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938 með þeim hætti að það varði stefnda sektum samkvæmt 70. gr. s.l.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ákvörðun um verkbannt það, sem tilkynnt var SSÍ þann 10. desember 1997, hafi verið löglega tekin í samræmi við lög VSÍ og 14. og 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, sbr. lög nr. 75/1996.

Einstakar útgerðir fiskiskipa eigi aðild að svæðisbundnu útvegsmannafélagi, skv. 2. gr. samþykktá LÍÚ. Félögin setji sér sjálf samþykktir skv. 4. gr., en sé skylt að gæta þess að ekkert ákvæði þeirra brjóti í bága við samþykktir LÍÚ. Sé því félagið og aðildarfyrirtæki þess háð samþykktum LÍÚ, eins og þær eru á hverjum tíma. Samkvæmt niðurlagi 2. gr. samþykktá LÍÚ sé LÍÚ deild í VSÍ og í 3. gr. laga VSÍ sé tilgreint að einstakir vinnuveitendur, sem félagsbundnir séu í einhverju aðildarfélagi sambandsins, svo og þeir vinnuveitendur sem beina aðild eiga að sambandinu teljist meðlimir sam-

bandsins. Fari því ekki á milli mála að útgerðarfyrirtæki sem séu innan LÍÚ séu meðlimir í VSÍ. Fyrirtækin geti verið í mörgum félögum, ef svo megi segja, þar á meðal VSÍ. Með aðild að VSÍ skuldbindi þau sig til að fara eftir lögum VSÍ í þeim málum sem VSÍ lætur til sín taka, svo sem við gerð kjarasamninga og í vinnudeilum.

Í samræmi við ákvæði 7. gr. laga VSÍ skuldbindi einstök fyrirtæki og aðildarfélög VSÍ sig, með inngöngu í VSÍ til að hlíta ákvæðum laga VSÍ, svo og ákvörðunum og samþykktum sem á þeim byggjast. Samkvæmt því séu bæði LÍÚ og einstök útgerðarfyrirtæki innan LÍÚ skuldbundin til þess að fara eftir gildandi lögum VSÍ. Með aðild að VSÍ feli aðildarfélög þess, svo og einstakir meðlimir, því umboð til að gera alla kjarasamninga fyrir sína hönd, sbr. 52. gr. laga VSÍ. Á grundvelli þess og í samræmi við 23. gr. vinnulöggjafarinnar hafi viðræðuáætlun Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands verið gerð. Samningaráð VSÍ ákveði hverju sinni hvernig haga skuli forsvari af hálfu VSÍ við gerð kjarasamninga við stéttarfélög eða sambönd þeirra, sbr. 53. gr. laga VSÍ. Umboð til gerðar kjarasamnings hafi verið gefin út 15. des. 1996 og 11. des. 1997 í samræmi við það og kynnt viðsejendum og ríkissáttasemjara.

Krafa stefnanda um að það séu einstök útvegsmannafélög sem boði verkbönn gangi þvert á skipulag samtaka atvinnurekenda og viðurkenning á slíkri kröfu fæli í sér grófa íhlutun í sjálfsákvörðunarrétt félaga sem verndaður er í lögum og mannréttindasáttmálum. Í krafti félagafrelsis, sem m.a. feli í sér rétt félaga til að skipa sjálf málefnum sínum, hafi félagsmenn VSÍ ákveðið að fela VSÍ umboð til kjarasamningsgerðar. VSÍ setji fram kröfur í samninga- viðræðum og fylgi þeim eftir með verkbanni, ef þurfa þykir, að undangenginni atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna.

Þessu sé þveröfugt farið hjá stefnanda þar sem samningsrétturinn sé í höndum einstakra stéttarfélaga en ekki á hendi eins aðila eins og hjá stefnda. Sama megi segja þegar kemur að ákvarðanatöku um vinnustöðvun. Með lögum nr. 75/1996 hafi engin breyting verið gerð á 14. gr. laga nr. 80/1938, en meginbreytingar hafi orðið á 15. gr. Lög VSÍ hafi m.a. verið aðlöguð þeim breytingum í desember 1996. Fyrir breytinguna 1996 hafi trúnaðarmannaráð stéttarfélaga og samsvarandi ráð samtaka vinnuveitenda haft heimild til þess að ákveða vinnustöðvun ef lög viðkomandi félags fólu trúnaðarmannaráðinu slíkt vald, sbr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Sambandsstjórn VSÍ hafi haft

stöðu trúnaðarmannaráðs í þessu tilliti, skv. 33. gr. eldri laga VSÍ. Hafi það aldrei verið dregið í efa fyrir breytingu á vinnulöggjöfinni 1996 að VSÍ hefði skv. 14. og 15. gr. laga nr. 80/1938 heimild til þess að leggja á verkþann eftir ákvörðun sambandsstjórnar VSÍ og sé VSÍ því félag atvinnurekenda í skilningi 14. gr. vinnulöggjafarinnar.

Með breytingu á 15. gr. vinnulöggjafarinnar 1996 hafi verið felldar niður heimildir trúnaðarmannaráða stéttarfélaga og sambandsstjórnar VSÍ til þess að taka ákvörðun um vinnustöðvun. Markmið lagabreytingarinnar hafi einkum verið það, eins og lýst sé í greinargerð, að tryggja aukið lýðræði, leynilega atkvæðagreiðslu og lágmarkspáttöku við atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun. Engin breyting hafi verið gerð á 14. gr. laganna og hafi því sömu aðilar og áður, stéttarfélög og félög vinnuveitenda, heimild til þess að gera verkföll og verkþönn sé ákvörðun tekin í samræmi við ákvæði nýrrar 15. gr.

Í greinargerð með breytingu á 15. gr. segi m.a. að fram hafi komið gagnrýni á það hversu fáir komi að afgreiðslu samninga og að ákvörðun um verkþönn í samtökum atvinnurekenda. Þar hafi til-
tölulega fámennar stjórnir farið með allt vald í þessu efni og verið taldar jafngilda trúnaðarmannaráðum stéttarfélaga með hliðstæðar heimildir til boðunar vinnustöðvana. Frumvarpinu sé m.a. ætlað að breyta þessari skipan. Samkvæmt því þurfi að bera meiriháttar ákvarðanir undir atkvæði, samkvæmt atkvæðaskrárm hlutaðeigandi samtaka. Markmið reglnanna sé að tryggja að raunverulegur stuðningur sé við svo mikilvæga ákvörðun sem boðun vinnustöðvunar sé. Ekki sé ætlunin að torvela félögum boðun vinnustöðvana heldur að tryggja lýðræðislega umfjöllun um slíka tillögu. Ef vinnustöðvun sé eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis sé, skv. 2. mgr., heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna.

Í desember 1996 hafi verið gerðar verulegar breytingar á lögum VSÍ til samræmis við breytingar sem voru gerðar á vinnulöggjöfinni með lögum nr. 75/1996. Til samræmis við nýja 15. gr. vinnulöggjafarinnar séu gerðar verulegar breytingar á XIV. kafla laganna sem fjallar um vinnustöðvanir. Í 1. mgr. 61. gr. sé nú vísað beint til 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi ákvörðun verkþanns. Í samræmi við 61. gr. hafi framkvæmdastjórn VSÍ samþykkt að fram færi leynileg atkvæðagreiðsla um verkþann. Atkvæðisrétt hefðu eigendur þeirra fiskiskipa sem verkþannið ætti að ná til og atkvæða-

skrá væri byggð á greiddum árgjöldum fyrirtækjanna til VSÍ í samræmi við 22. gr. laga VSÍ. Atkvæðaseðlar hafi verið útbúnir af VSÍ, viðhöfð hafi verið póstatkvæðagreiðsla og atkvæði talin þann 9. desember sl. og niðurstaða tilkynnt viðkomandi samningsaðilum og ríkissáttasemjara 10. og 11. desember.

Því er mótmælt að LÍÚ hafi verið óheimilt að tilkynna um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. Það sem máli skiptir sé að ákvörðun um verkþann hafi verið tekin af þar til bærum félagsmönnum VSÍ og LÍÚ. Engu máli skipti hvort það sé VSÍ eða LÍÚ sem tilkynnir stéttarfélögum niðurstöðu atkvæðagreiðslu, en í ljósi gr. 1.38. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna hafi þótt eðlilegt að LÍÚ sæi um þá framkvæmd.

Stefndi hafi í einu og öllu gætt ákvæða 15. og 16. gr. vinnulöggjafarinnar við ákvarðanatöku, framkvæmd atkvæðagreiðslu og tilkynningu um verkþann. Atkvæðagreiðsla hafi verið leynileg, sbr. 1. mgr. 15. gr. Einungis þeir sem verkþannið snerti hafi haft atkvæðisrétt, sbr. 2. mgr. 15. gr., og á atkvæðaseðli komi skýrt fram til hverra verkþannið eigi að taka og hvenær það eigi að hefjast, sbr. 3. mgr. 15. gr. Niðurstaða atkvæðagreiðslu hafi verið tilkynnt sáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn, sbr. 16. gr.

Niðurstaða.

Aðalkrafa stefnanda í máli þessu hljóðaði upphaflega svo:

„Að dæmt verði að verkþann það sem stefnda hefur boðað og koma á til framkvæmda þann 20.01.1998, kl. 24:00, sé ólögmat.“

Fyrir munnlegan flutning málsins í Félagsdómi þann 15. janúar 1998 lagði lögmaður stefnanda fram nýja og breytta kröfugerð. Aðalkrafa stefnanda eftir breytinguna er svohljóðandi:

„Að dæmt verði að sú ákvörðun framkvæmdastjórnar Vinnuveitendasambands Íslands, að láta atkvæðagreiðslu fara fram meðal meðlima sinna, um hvort boða skyldi verkþann á félagsmenn stefnanda og sem koma átti til framkvæmda þann 20. janúar 1998, hafi verið ólögmat.“

Lögmaður stefnda mótmælti ekki þessari breytingu. Hann upplýsti hins vegar að hinu umdeilda verkþanni hefði verið aflýst 14. janúar sl. og atkvæðagreiðsla um að boða nýtt og víðtækara verkþann stæði yfir.

Hið boðaða verkþann kom þannig ekki til framkvæmda. Hefur því ákvörðun sú, sem stefnandi telur ólögmeta, engin réttaráhrif og

stefnandi þess vegna enga lögvarða hagsmuni í þessu máli af dómi um lögmæti hennar.

Af þessu leiðir að líta verður svo á, að í aðalkröfu stefnanda felist krafa um álit Félagsdóms á lögfræðilegu álitaefni, án þess að úrlausn þess deiluefnis hafi efnislega þýðingu í málinu.

Ber því samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, að vísa máli þessu í heild frá dómi án kröfu.

Ákvæði 3. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 breytir ekki þessari niðurstöðu.

Þar eð stefndi krafðist ekki frávísunar málsins þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af því.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
